

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	8.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Már Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram við eftirlit. Tvær athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Olíudreifing ehf. tók, þann 5. ágúst, yfir starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Þann 8. september sl. var farið í eftirlit til Vestmannaeyja með fulltrúa nýs rekstraraðila, Gesti Guðjónssyni. Sigurður Ingason frá Umsagna- og leyfisteymi Umhverfisstofnunar var með í för.

Starfsleyfið var gefið út 2. janúar 2006 og gildir í 12 ár, þ.e. til 31. janúar 2018.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi sem gerðar eru til stöðvarinnar. Enn var rekstrarhandbók Skeljungs í notkun en eintak af rekstrarhandbók Olíudreifingar var komin í stöðina og verður notuð héðan í frá. Áhersla var lögð á að ítarlegar skráningar færu fram. Verður skoðað í næsta eftirliti.

Allir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum og næstu þykktarmælingar skulu í síðasta lagi fara fram árið 2018. Löndunarlagnir, 4 tommu bensínlögn og 6 tommu olíulögn, voru þrýstiprófaðar árið 2013 og því skal næst þrýstiprófa í síðasta lagi árið 2018.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál.

Olía í frárennsli stöðvarinnar var prófuð í tveimur frárennislögnum, þ.e. frá skilju í austurporti og annarri í vesturporti. Ekki greindist olía í sýnum sem tekin voru. Í ljós kom í eftirlitinu sem fór fram á rigningardegi, að landi hallar að áfyllingarplani frá stóru svæði ofan olíubirgðastöðvarinnar og mikill vatnsagi myndast þar. Ekki er líklegt að olíuskiljan (frárennsli áfyllingarplans) sé hönnuð með þetta í huga. Ráðast þarf í framkvæmdir til þess að veita vatn sem flæðir inn í stöðina af gatnakerfi bæjarins framhjá olíuskiljunni. Gerð er athugasemd við þetta.

Vegna framkvæmda á aðliggjandi lóðum eru girðingar um stöðina ekki í lagi. Verið er að steypa kant á lóðamörkum við Kleifar 7 og á meðan á framkvæmdum stendur er girðing um Eiði 3 (olíubirgðastöðin) ófullnægjandi. Gerð er athugasemd við þetta.

ATHUGASEMDIR

1. Vatnsagi af gatnakerfi Vestmannaeyjarbæjar streymir óhindrað inn á áfyllingarplan í olíubirgðastöðinni. Skoða afkastagetu olíuskiljunnar með tilliti til þessa eða veita vatnsaga frá áfyllingarplaninu.


2. Girðing um stöðina á lóðamörkum við Kleifa 7 er ófullnægjandi vegna framkvæmda við þar. Ljúka þarf girðingavinnu strax og það er mögulegt.

07.10.2016

bls. 1

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Gottskálk Friðgeirsson